


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>ÞÝSK1RL05 fjarnám</b> <b>Námsáætlun haustannar 2021</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Wolfgang Frosti Sahr	<b>Sk.st.</b>	WFS
----------------	----------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Byrjunaráfangi þar sem megináhersla er lögð á að nemandinn tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemandinn er markvisst þjálfaður í lesskilningi á hagnýtum orðaforða til að geta lesið og skilið texta um kunnugleg efni. Við þessa þjálfun í lesskilningi eru fléttaðar æfingar í samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun, allt með það að markmiði að nemandi verði sjálfbjarga við sérstakar aðstæður. Áhersla er lögð á réttan framburð, markvissa og reglulega uppbyggingu orðaforða og grunnatriði málnotkunar. Menning þýskumælandi landa er fléttuð inn í áfangann. Gagnkvæm virðing og umhyggja er höfð að leiðarljósi. Áfanginn krefst þess að nemandinn geri sér grein fyrir eigin ábyrgð á náminu og sýni sjálfstæð vinnubrögð og er nemendum kennt að nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í áfanganum.

**Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


grundvallaratriðum málkerfisins  
almennum orðaforða sem hæfir hæfniviðmiðum áfangans  
tungumálinu og útbreiðslu þess  
mannlífi, menningu og siðum í þeim löndum þar sem tungumálið er talað

**Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

tjá sig skriflega og munnlega um það sem tengist honum náið  
lesa texta um efni sem hann þekkir og tileinka sér ný orð í textanum  
skilja einföld fyrirmæli og helstu kveðjur og kurteisisávorp  
skilja einföld samtöl  
skilja þegar talað er um tölur og tímasetningar  
nota upplýsingatækni og önnur hjálpargögn í tungumálanámi  
bjarga sér við sérstakar aðstæður

**Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

gera sig skiljanlegan um einföld atriði  
vera sjálfbjarga við sérstakar aðstæður  
spyrja til vegar  
spyrja og svara einföldum spurningum  
segja frá daglegum athöfnum  
auka meðvitund um eigin leiðir til að tileinka sér tungumálið

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>ÞÝSK1RL05 fjarnám</b> <b>Námsáætlun haustannar 2021</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3		

### Námsgögn:


lesbók Netzwerk A1. München: Langenscheidt 2019  
ISBN 978-3-12-606128-5

vinnubók Netzwerk A1. München: Langenscheidt 2019  
ISBN 978-3-12-606130-8

**Áætlun um yfirferð:** Náminu er skipt niður í 12 vikur. Í hverri viku þarf að læra skilgreindan orðaforða og sinna heimaverkefnum í lesbók (KB) og vinnubók (AB). Að lokum þarf að leysa tilheyrandi Moodle verkefni sem gilda til einkunnar. Gert er ráð fyrir að nemandinn klári hvern vikupakka innan sjö daga. Verkefnin lokast endanlega viku eftir þá dagsetningu sem auglýst er hér fyrir neðan til að gefa svigrúm fyrir fjarveru hverskonar. **Lengri frestur er ekki veittur.<sup>1</sup>**

(vika) dagsetning <b>lota</b>	heimaverkefni í lesbók / vinnubók	skil á verkefnum kl. 24:00 (sunnudagskvöld)
(36) 05.9.-11.9. <b>1</b>	kafli 1.1	11.09.
(37) 12.9.-18.9. <b>2</b>	kafli 1.2	18.09.
(38) 19.9.-25.9. <b>3</b>	kafli 2.1	25.09.
(39) 26.9.-02.10. <b>4</b>	kafli 2.2	02.10.
(40) 03.10.-09.10. <b>5</b>	kafli 3.1	09.10.
(41) 10.10.-16.10. <b>6</b>	kafli 3.2	16.10.
(42) 17.10.-23.10. <b>7</b>	Plattform 1	23.10.
(43) 24.10.-30.10. <b>8</b>	kafli 4.1	30.10.
(44) 31.10.-06.11. <b>9</b>	kafli 4.2	06.11.
(45) 07.11.-13.11. <b>10</b>	kafli 5.1	13.11.
(46) 14.11.-20.11. <b>11</b>	kafli 5.2	20.11.
(47) 21.11.-27.11. <b>12</b>	kafli 5.3	27.11.
(48) 28.11.-04.12.		<b>síðasti skiladagur 04.12.</b>

<sup>1</sup> Þar sem Moodle verkefnin verða ekki aftur aðgengileg skal færa réttu lausnirnar í vinnubókina áður en fresturinn er runninn út. Námsleiðbeiningar og skjöl m. orðaforða verða aðgengileg fram að prófdegi.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	<b>ÞÝSK1RL05 fjarnám</b> <b>Námsáætlun haustannar 2021</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

**Námsmat og vægi námsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
Vetrareinkunn	Einkunnin er í samræmi við fjölda skilaðra verkefna (Moodle) og meðaleinkunn þeirra.		40.00%
Prófeinkunn	Skriflegt lokapróf, tekið án hjálpargagna.		60.00%
	<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>
Ath. nemandi ber að ljúka öllum námsmatsþáttum og verður að ná amk. 40% af prófþáttunum skriflega lokaprófsins (= lágmarkseinkunn 4.0), annars gildi vetrareinkunn ekki. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			

**Réttur áskilinn til breytinga**

**Dagsetning: 3. sept. 2021**

*Wolfgang Frosti Sahr*

Undirritun kennara

Undirritun fagstjóra